

Hverfisráð Hlíða

Ár 2017, fimmtudaginn 24. ágúst, var haldinn 143. fundur hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn að Laugavegi 77 og hófst kl. 16.33 Viðstödd voru: Margrét M Norðdal, Örn Þórðarson, Eva Baldursdóttir, Garðar Mýrdal og Tryggvi Scheving Thorsteinsson fulltrúi Íbúasamtaka Hlíða. Einnig sátu fundinn Sigprúður Erla Arnardóttir og Hörður Heiðar Guðbjörnsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. Fram fer kynning á foreldramorgnum sem eru í Aflagranda 40.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð þakkar fyrir kynningu og lýsir yfir ánægju með frábært verkefni.

- Kl. 16.47 tekur Hrefna Guðmundsdóttir sæti á fundinum.

Sigríður Arndís Jóhannsdóttir og Rannveig Bjarnadóttir taka sæti undir þessum lið.

2. Lagt fram bréf frá umhverfis- og skipulagssvæði, dagsett 13. júlí 2017, varðandi Snorrabraut vegna gönguljósa við Austurbæ.
3. Lagt fram bréf úr gerðabók frá umhverfis- og skipulagssviði, dagsett 13. júlí 2017, vegna Brautarholts 26 og 28.
4. Lagt fram bréf úr gerðabók frá umhverfis- og skipulagssviði, dagsett 18. júlí 2017 vegna Öskjuhlíðar og Perlunnar.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Hlíða vill áréttta vegna breytinga á deiliskipulagi í Öskjuhlíðinni að tryggt verði að náttúruupplifun verði óskert í Öskjuhlíðinni og staðið verði vörð um græn svæði. Byggingaráætlanir taki mið af framangreindu. Að sama skapi fagnar hverfisráðið því að stígakerfi verði bætt en hvetur Umhverfis- og skipulagsráð að huga einkum að aðgengi úr íbúðahverfum, yfir götur, að Öskjuhlíð.

5. Fram fer umræða um framkvæmdir á Miklubraut sem hafa verið í framkvæmd í sumar.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð tekur undir vilja borgaryfirvalda að lækka hámarkshraða á Miklubraut úr 60 km/klst. í 50.

6. Fram fer umræða um Njálsgöturóló sem hefur verið tekinn í föstur af íbúum í hverfinu. Margrét Norðdal formaður hverfisráðs og Hörður Heiðar Guðbjörnsson fara yfir hvernig þessi mál hafa gengið.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð fagnar framtaki íbúa í nágrenni Njálsgöturóló og þakkar fyrir þeirra framlag til þess að bæta samfélagið.

7. Fram fer umræða um skipulag funda í vetur.

Fundi slitið kl. 18.22

Margrét M. Norðdahl

Örn Þórðarson
Garðar Mýrdal

Hrefna Guðmundsdóttir
Eva Baldursdóttir